



Grein birt 31. desember 2011



Mynd 1 – Listkennslunemar í Listaháskóla Íslands (2010).

Ásthildur B. Jónsdóttir

Listir og sjálfbærni

Áhrifamáttur sjónlista í menntun til sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni er skilgreind út frá gagnrýnni og skapandi hugsun. Í þessari grein er fjallað um hvernig myndmenntakennarar og listamenn geta með störfum sínum stuðlað að menntun til sjálfbærni. Í því ljósi er fjallað um myndmennt og vinnuferli listamanna sem tengja má viðfangsefninu. Nokkur listaverk eru rædd í tengslum við sjálfbærni og hverju þau geta skilað þegar unnið er markvisst með nemendum að því að skynja, greina og meta myndlist. Rætt er um hvernig slík vinna getur lagt grunn að persónulegu gildismati sem byggir á sjálfbærri og skapandi hugsun. Umfjöllunin er útskýrð með dæmum úr námskeiðinu Listir og sjálfbærni sem höfundur kennir í Listaháskólanum. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum staðgóða menntun í málefnum sem tengjast sjálfbærri þróun svo þeim verði eðlislægt að laga efnið að inntaki kennslunnar.

Höfundur er lektor við listkennsludeild Listaháskóla Íslands.

Art and sustainability: The potential of visual arts in education for sustainability

Education for sustainability is defined in terms of critical and creative pedagogy. This article discusses how art teachers and artists contribute towards sustainability education in their work. In that light, art and artistic processes are discussed as they relate to sustainability. Several artists' works relating to this theme are introduced, focusing on what they can contribute when purposefully perceived, analyzed and evaluated with students. How such work can create the foundation for personal values based on sustainable and creative thinking is discussed. Examples are introduced from the course Art and Sustainability, the aim of which is to educate students in sustainable development.

The author is assistant professor at the Faculty of Art Education, Iceland Academy of Arts.

Inngangur

Öll viljum við lifa góðu lífi en erum þó ekki endilega sammála um hvað sé gott líf. Margir telja að efnisleg neysla skili góðu lífi og þótt margt sé til í því eru peningar ekki það eina sem bætur lífsgæði. Fjölskyldan, vinir, góð heilsa, fjölbreytt menning, öryggi, sjálfstæði, heilbriggt og fallegt umhverfi, samkennd og kærleikur eru þættir í okkar lífi sem saman móta lífsgæðin. Til að skapa forsendur fyrir góðu lífi þarf að hlúa að fjölmörgum þáttum og ekki síður samspili þeirra.

Flestir gera sér grein fyrir að eyði maður um efni fram kemur að skuldadögum. Tæmi maður bankareikninginn og taki lán fyrir neyslu skerðir það möguleika manns til neyslu í framtíðinni. Með skammtímasjónarmið í huga, tímabundnum auknum lífsgæðum, skapar maður í raun versnandi lífsgæði í framtíðinni. Að lifa lífinu á þann hátt að maður viðhaldi góðu lífi án þess að skerða lífsgæði komandi og núverandi kynslóða er lykillinn að sjálfbærni.

Ein leið að sjálfbæru samfélagi er í gegnum menntun. Í nýjum aðalnámskrám er sérstaklega tekið á mikilvægi þess að mennta til sjálfbærni í víðtækum skilningi þess hugtaks þar sem fjallað er um afstöðu einstaklingsins til mannréttinda, vistfræðilegs, efnahagslegs og félagslegs jafnréttis. Lögð er áhersla á að rækta sjálfsvitund og sjálfsgagnrýni með tengingu við lýðræði, virkni og þátttöku (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b).

Í greininni er íhugað og rökstutt hvers vegna gagnrýnin og skapandi vinnubrögð í myndmennt henta svo vel til menntunar til sjálfbærni. Í slíku námi kynnast nemendur hugmyndum um eðli listsköpunar. Þeir læra að greina táknmál listaverka auk þess sem stefnt er að því að þeir geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem listin getur haft á gildismat sjálfbærrar hegðunar. Þegar rýnt er í listaverk öðlast nemendur grundvöll til að meta þau á rökstuddan hátt. Það eykur skilning nemanda á málefnum er tengjast inntaki verkanna. Listasaga, fagurfræði og rýni veitir nemendum forsendur til eigin listsköpunar. Þeir læra að skilja vinnuferli listamanna sem oft felur í sér rannsóknarvinnu á völdum efnistöfum. Í almennum hlutum aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla er að finna þessar áherslur:

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins.

Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekktu og þar með auka þekkingu sína og leikni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls.11 og bls. 16).

Greinarhöfundur hefur þróað áfanga sem kallast *Listir og sjálfbærni* sem hann kennir við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Í áfanganum er lögð áhersla á að þjálfandi verðandi kennara í að takast á við ofangreinda áherslu almenns hluta aðalnámskráa. Í námskeið-

inu er skoðað hvernig listir geta komið að menntun til sjálfbærni með lýðræðislegum vinnubrögðum sem fela í sér uppbyggjandi og valdeflandi áhrif á einstaklinginn. Nemendur skoða samtímalistaverk sem tengjast málefnum sjálfbærni. Þeir greina þau og gagnrýna falin félagsleg, menningarleg og pólitísk málefni sem þeim finnst vert að breyta. Þegar listkennslunemar velta fyrir sér hvernig myndmennt getur aukið skilning á sjálfbærni þurfa þeir að tileinka sér fjóra þætti sjálfbærrar þróunar og tengsl þeirra: Umhverfismál og vernd umhverfis, efnahagsvöxt, félagslega velferð og jöfnuð (Umhverfisráðuneytið, 2002) og menningarmál (Hawkes, 2001). Í greininni er fjallað um samverkan þessara þátta. Til að styðja það verða tekin dæmi úr áfanganum *Listir og sjálfbærni* svo að lesendur átti sig á hvernig hægt er að nýta sér listaverk og sjónmenningu til að þróa hugmyndir um sjálfbærni í myndmennt.

Fyrst er rætt um menntun til sjálfbærni. Því næst eru sýnd dæmi úr samtímalist sem fjalla um nútímasamfélag og málefni sem varða alla jarðarbúa og tengjast sjálfbærni. Þessi verk fjalla m.a. um náttúruvernd, menningarlega fjölbreytni, jafnrétti og framþróun í heiminum og geta verkin haft víðtæk áhrif. Þau geta hjálpað einstaklingum að gera sér grein fyrir pólitískri samábyrgð. Verkin eru fjölbreytt og geta vakið upp efasemdir um staðlaðar hugmyndir sem varða stóra samhengið í lífi hverrar manneskju, svo sem persónulega og menningarlega sjálfsmynd, neysluvenjur, fjölskyldu, samfélag og þjóðerni. Að lokum er varpað ljósi á hvernig áfanganum *Listir og sjálfbærni* hefur tekist til við að undirbúa listkennslunema til að takast á við menntun til sjálfbærni.

Menntun til sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni er ekki námsgrein heldur námsvið sem allir kennarar verða að tileinka sér. Við mótun nýrra námskráa var ákveðið að hugað yrði sérstaklega að hlutverki skólakerfisins í uppbyggingu og endurmótun samfélagsins. Í nýjum aðalnámskrám er lögð áhersla á einstaklings- og samfélagsmiðaða þætti almennrar menntunar á skólastigunum þremur; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, og sköpun. Menntun til sjálfbærni er þannig einn af grunnþáttum sem allt skólahald á Íslandi á að taka mið af (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b). Hver skóli velur hvernig hann vinnur með sjálfbærni og er þverfagleg vinna tilvalin til árangurs, t.d. að tvinna saman listir, sköpun og sjálfbærni. Menntun til sjálfbærni er í takt við það sem einkennir gagnrýna uppeldisfræði, m.a. jafnrétti og lýðræði. Paulo Freire benti á að fólk yrði læra að íhuga félagslega stöðu sína í samfélaginu, því aðeins með þeim hætti gæti það haft áhrif á samfélagið. Sem virkir samfélagsþegnar öðlast fólk forsendur til að leggja sitt af mörkum til framþróunar í heiminum (Freire, 1970). Hann leggur einnig áherslu á gildi þess að þekkja og virða lífsreynslu annarra og stuðla þannig að framþróun í þágu fjöldans (Freire, 1995).

Það er mikilvægt fyrir alla myndmenntakennara að velta fyrir sér hvernig listir geta hjálpað nemendum að skynja, túlka og skilja hugmyndir um sjálfbærni. Í menntun til sjálfbærni líkt og í öðru námi er mikilvægt að nemendur skynji tengsl við eigin reynslu. Þegar reynsluhugtakið er skoðað í ljósi af hugmyndum Dewey má tengja hugtakið virkni við athafnir og afleiðingar. Reynslan tengist líka á augljósan hátt virku samspili manneskjunnar við umhverfið. Dewey tengir reynsluna við tilraun til að breyta hinu þekkta með því að nálgast hið óþekkt. Reynslan er auk þess vel til þess fallin að tengja á milli atburða og atriða og stuðla að samhengi (Jóhanna Einarsdóttir, 2010).

Með því að leggja áherslu á menntun til sjálfbærni í aðalnámskrám má ætla að mennta- og menningarmálaráðuneytið sé að fylgja eftir stefnu Sameinuðu þjóðanna. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað í desember 2002 að gera árin 2005–2014 að áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) var falin umsjón með verkefninu. Á vef hennar er lögð áhersla á að allt nám og allar námskrár

verði endurskipulagðar með tilliti til markmiða menntunar til sjálfbærrar þróunar. Í því ljósi verður að huga að inntaki námskráa. Í aðalnámskrá grunnskóla segir:

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 17).

Þessi sýn byggist á greiningu Ingólfs Á. Jóhannessonar, Kristínar Norðdahl, Gunnhildar Óskarsdóttur, Auðar Pálsdóttur og Bjargar Pétursdóttur (2011) á fyrri aðalnámskrá. Í aðalnámskrám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a) er fjallað um sjálfbærni sem samverkan umhverfis við mannlega tilveru og velferð í samhengi við vistfræðileg mörk jarðarinnar.

Erfitt getur verið fyrir kennara og nemendur að ná yfirsýn yfir menntun til sjálfbærni þar sem hún nær yfir svo breitt svið. Mikilvægt er þó að allir velti því fyrir sér hvers vegna og hvernig þeir geti látið sig málefnið varða. Í menntun til sjálfbærni er stefnt að því að skapa samábyrgt þjóðfélag. Til þess þurfa sem flestir samfélagsþegnar að vera virkir; þekkja og vera meðvitaðir um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum okkar og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og lýðheilsu; efnahagsþróun og framtíðarsýn (Menntamálaráðuneytið, 2010, bls.3).

Í sjálfbærnimenntun er mikilvægt að skoða samverkan þeirra þátta sem snerta mannlega tilveru og velferð. Sumir leggja áherslu á þá starfsemi sem hefur áhrif á náttúru og umhverfi. Aðrir leggja áherslu á lýðræði og jafnrétti eða stöðugleika í hagvexti þjóðfélagsins. Það er þó alltaf mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif þessir þættir hafa hver á annan. Jutvik og Liepina benda á að allir þesir þættir byggi á menningu. Það er því mikilvægt að kennarar og nemendur hugi að menningu og hinum fjölbreyttu menningarhópum sem byggja hvert samfélag. Gildi og viðhorf þegnanna byggja á menningu hvers hóps sem hafa síðan áhrif á ákvarðanir um sjálfbærni (Jutvik og Liepina, e.d.). Mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir því að menningin mótast af mismunandi gildum, viðhorfum og tilfinningum fyrir öllum þeim þáttum er snúa að sjálfbærni. Daglegar venjur og ólík neyslunystur eru hluti af menningunni og órjúfanlegur hluti af menntun til sjálfbærni. Segja má að menningin eigi að vera miðja sjálfbærnimenntunar þar sem hún er grunnstoð í mannlegu samfélagi og forsenda sjálfbærs samfélags (Macer, 1995). Í því ljósi er myndmennt mikilvægur miðill til að nálgast viðfangsefnið frá óhlutbundnara sjónarhorni en orðræða gerir. Myndtúlkun og myndgerð gefa nemendum forsendur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á huglægar máta en í rituðu máli. Með því að fjalla myndrænt um málefni, ýmist með því að nota verk annarra eða með því að myndgera afstöðu sína, hvort sem það er gert út frá rannsókn á fyrirbærum tengdum sjálfbærni, túlkun á þeim eða endurgerð. Slík myndmennt getur falið í sér að sumir nemendur upplifa að þeir geti komið skilaðum áleiðis til samfélagsins.

En hvers vegna geta listaverk hentað betur en talað eða ritað mál? Sigríður Þorgeirsdóttir (1999) fjallar um þetta samspil í grein sinni *Langir og stuttir skuggar: The Truman Show sem heimspekileg hugleiðing um raunveruleika og sýndarveruleika*. Í greininni vitnar hún í Herbert Marcuse sem segir manninn búa í samfélagi skipulagðrar forheimsku [...] neytenda sem eru mataðir af fjölmiðlum og steyptir í sama mót. Hún bendir á að Virilo gangi út frá því að myndin sé orðin máttugri en hið ritaða orð:

Myndmálið er lúmskara en ritað mál því það á greiðari aðgang að skynjun okkar. Svo fremi sem augu okkar eru opin erum við berskjölduð fyrir sjónrænu áreiti, en við þurfum að setja okkur í stellingar til að lesa texta. (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 272)

Mikilvægt markmið menntunar til sjálfbærni er að ala upp ábyrga samfélagsþegna sem búa yfir *getu til aðgerða* (e. *action competence*). Allyson Macdonald (2008) bendir á að í menntun til sjálfbærni beri að skilja *aðgerðir* sem fjölbreytilegar athafnir. Mikilvægur þáttur í getu til aðgerða er möguleiki nemenda til að taka þátt í að ákveða viðfangsefni (Jensen og Schnack, 1997). Ætla má að val á viðfangsefnum tengist beint áhugasviði nemenda og þeim þáttum sem þeim finnst vert að vinna með. Því er æskilegt að leggja áherslu á fjölbreyttar raddir nemenda, að samræður séu nýttar auk þess sem hlúa þarf að málefnum er taka á jöfnuði, félagslegu réttlæti og lýðræði. Þegar hugtakið geta til aðgerða er skoðað út frá sjálfbærni og myndmennt má ætla að eftirsóknaverðast sé að listsköpunin leiði af sér að einskaklingurinn eflir og þrói gildismat sitt og vilja til að taka afstöðu sem er í nánú samhengi við *getu til aðgerða*.

Myndmennt og sjálfbærni

Fræðimennirnir Billings (1995), Greene (1995) og Eisner (2002) hafa allir með rannsókn-um sínum sýnt fram á margþætt og jákvæð áhrif listnáms og fagurfræði. Þar með talið bættan námsárangur, aukið sjálfstraust, aukna tilfinningu fyrir fagurfræði og sköpun, gagnrýnni hugsun, tilfinningu fyrir siðfræðilegum álitamálum og menningarlegri meðvitund. Aðrir fræðimenn hafa fjallað um hvernig listir geta á gagnrýnni hátt stuðlað að félagslegum umbreytingum (Haynes, 1995; Hicks, 1990; Noel, 2003). Haynes segir m.a. að aukið menningarlæsi leiði af sér vilja listamanna til að skapa áhrifarík gagnrýnni verk sem hvetja fólk til umhugsunar um hvert mannkynið stefnir (1995, bls. 50).

Hafi fólk getu til að skilja listaverk út frá sjálfstæðri og gagnrýnni hugsun, er líklegra að verkin hafi tilætluð áhrif. Gagnrýnin umræða um listir er því mikilvægur þáttur í myndmennt til sjálfbærni. Með því að greina sjónræn skilaboð í samþættingu við listsköpun, skapast aðstæður sem veita farveg fyrir sjálfbærni sem hentar mörgum nemendum (Lampert, 2006). Heimspekikennarinn Brynhildur Sigurðardóttir (2011) kemst svo að orði:

Ef markmið aðalnámskráa um menntun til sjálfbærni eiga að ná fram að ganga verður nám og kennsla að hlúa að gagnrýnni og skapandi hugsun. Gagnrýnni hugsun er mikilvæg vegna þess að hún er öguð, fylgir ákveðnum reglum í ályktunum sínum og nær þar með árangri sem hægt er að leggja skýrt mat á. Meginreglan er sú að hugsunin stýrist af rökum.

Hugmyndir Brynhildar má heimfæra upp á myndmennt og samtal um listaverk. Gagnrýnið samtal má nota til að greina meginatriði listaverka. Það veitir forsendur til að spyrja um inntak og hugmyndir á bak við listaverk. Í samtali er hægt að leita skýringa þegar nemendur skilja ekki verkin eða ef eitthvað er óljóst. Samtalið getur einnig kveikt hugmyndir hjá nemendum um eigin listsköpun. Hvetji kennarinn til gagnrýnnar hugsunar í samtali þá upplifa nemendurnir að hlustað er á hvað þeir hafa fram að færa. Með þessu móti verða vinnubrögð lýðræðisleg. Nemendur fá sjálfstraust með þjálfun í að skilja fyrirbæri sem þeir rannsaka, t.d. með greiningu þeirra ótal mynda, svo sem auglýsinga og listaverka, sem á vegi þeirra verða og er þá mikilvægt að virkja ímyndunaraflið, samkennd og samúð.

Brynhildur bendir á að með markvissri notkun gagnrýnnar samræðu læra nemendur smátt og smátt að vinna með eigið gildismat (2011). Ef aðferðin er notuð í myndmennt verður myndlistarstofan ekki bara vettvangur sköpunar heldur einnig þróunar á skilningi á fyrirbærum sem tengjast heimssýn nemandans sem hann getur nýtt sér í eigin myndsköpun.

Gagnrýnin nálgun í námi er í takt við stoðir UNESCO (e.d.) fyrir sjálfbærnimenntun sem sjá má hér að neðan. Stoðir UNESCO eru til vinstri og til hægri setur höfundur þær í samhengi við viðfangsefni greinarinnar:

Að læra til að vita	Hvað þarf að vita til að hanna og framkvæma aðgerðir sem fela í sér sjálfbærni?
Að læra til að vera	Að læra að þekkja sjálfan sig í samhengi við flókna samfélagsmynd og að þroska viðhorf til samfélagslegs og umhverfis. Mörg listaverk fjalla um efni sem hjálpa nemendum að skilja heiminn betur þegar um þau er rætt.
Að læra til að búa saman	Að öðlast færni í sameiginlegri ábyrgð og umburðarlyndi. Þegar listaverk eru skoðuð og sköpuð er mikilvægt að hafa í huga að hin ólíku sjónarhorn eru öll jafngild.
Að læra til að gera/öðlast færni	Að skynja að eigin aðgerðir hafi áhrif. Það er mikilvægt að sýna verk nemenda. Hvort sem verkin eru sýnd á vefsíðu skólans eða á veggjum hans þá hafa þau áhrif á þá sem tilheyra skólasamfélaginu. Þegar nemendur upplifa að verk þeirra hafa áhrif eru líkur á því að þeir leggi metnað sinn í að velja málefni sem þeim finnst mikilvæg.
Að læra til að umbreyta sjálfum sér og samfélaginu.	Beita markvisst aðgerðum sem hafa áhrif á sjálfbærni samfélagsins. Hvernig er hægt að nýta eigin þekkingu til að taka upplýsta ákvörðun sjálfum sér og öðrum til heilla? Hvernig er unnið úr þessum hugtökum? Hvað get ég t.d. gert með eigin listsköpun?

Þessi fimm atriði eru eins og nefnt er að ofan öll tengd námi í myndmennt. Í myndmennt gefst nemendum svigrúm til að þróa eigin hugmyndir sem byggja á gildum og framtíðarsýn. Að vinna með sjálfbærni í myndmennt gefur forsendur til að hjálpa nemendum til að skoða eigin rann. Í því samhengi er vert að hafa í huga mikilvægi reynslunnar eins og fram kom hér á undan.

Lykilhæfni sem menntun til sjálfbærni er ætlað að ná fram hjá nemandanum samkvæmt UNESCO (e.d.) er m.a. að hann verði meðvitaður um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og geti tekið afstöðu til skynsamlegrar nýtingar þeirra; þekki, skilji og virði umhverfi sitt og náttúru; skilji hvernig vistkerfi jarðar setur manninum takmarkanir; skilji hvernig eigið vistspor og vistspor samfélaga og þjóða hangir saman við þróun; geti á gagnrýnninn hátt metið gildi upplýsinga um umhverfi og náttúru; sé virkur og ábyrgur borgari í umhverfi sínu og náttúru; sé fær um að taka gagnrýna afstöðu gagnvart umhverfi, samfélagi, menningu og efnahagskerfi; hafi skilning á sameiginlegri ábyrgð jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar.

Töluvert hefur verið unnið með hugtakið menntun til sjálfbærni á Íslandi. Kristín Norðdahl (2009) vill að nemendur fái tækifæri til að ræða og rannsaka ólík viðhorf til málefna á gagnrýnninn hátt. Eins leggur hún áherslu á að úrlausnir séu fjölbreyttar sem er í anda hugmynda um að listkennsla geti ýtt undir aðgerðir nemenda til að berjast fyrir sjálfbærni. Kennarar geta litið á nemendur sem gerendur í að byggja upp eigin þekkingu. Þar sem viðfangsefni sjálfbærni eru oft mótsagnakennd og flókin skiptir miklu að nemendur geti

fjallað um ágreining og flókinn veruleika (Breiting, Mayer og Mogensen, 2008). Þegar litið er til vinnuferils margra listamanna sem fjallað verður um síðar í greininni þá eru þeir í rannsóknnum sínum stöðugt að vinna með eigin gildi og viðhorf og þær tilfinningar sem þeir vilja ná fram með verkinu í hvaða formi sem það er. Segja má að listsköpun þeirra sé gagnrýnin. Mörg listaverk sem fram hafa komið á undanförunum áratugum fjalla um málefni sem snerta félagslegt réttlæti; s.s. sjálfsvitund, staðalmyndir, stjórnmál, hnattvæðingu og femínisma. Merkja má aukinn áhuga á málefnum umhverfis og sjálfbærni síðustu ár. Sjálfbærni hefur einnig verið nokkuð áberandi um nokkurt skeið á sviði arkitektúrs og dægurmenningar (Ward, 2008).

Sjónræn skilaboð skýra oft málefni betur fyrir fólki en ritaður texti. Listamenn á öllum tímabilum listasögunnar hafa tekist á við vistfræðileg og samfélagsleg málefni og hafa oft stuðlað að breyttri samvisku meðal almennings (Brenson, 2001). Umhverfismál, kynþáttafordómar, kynhneigð, hræðsla við samkynhneigð, jafnrétti kynjanna, heimilisleysi og alnæmi svo eitthvað sé tiltekið, eru allt málefni sem listamenn hafa gert að sínu yrkisefni (Desai, 2002). Listamenn byrjuðu að endurskapa og endurhugsa náttúruna strax á 19. öld. Þau verk kenndu almenningi að meta náttúruna og skilja mikilvægi náttúruverndar (Hicks og King, 2007).

Brynhildur Sigurðardóttir greinir frá eftirfarandi í viðtali við Róbert Jack (2011) þar sem fjallað er um barnaheimspeki og rannsókn á möguleikum hennar:

Það er ekki það sama að sitja og lesa og skrifa og að sitja og þurfa að hlusta á aðra og þurfa að orða hlutina sjálfur. Ég held að það sé bæði að orða hlutinn sjálfur og að fá strax viðbrögð við því sem skiptir miklu. Þetta vekur tilfinningaleg viðbrögð, maður verður oft svo reiður við samræðuborðið eða sorgmæddur eða ofsaglaður eða eitthvað. Það er eitthvað í samskiptunum sem hefur bein og tilfinningaleg áhrif sem ég hef allavega ekki upplifað með bókum. (bls. 17)

Samræður um listaverk veita nemendum einmitt möguleika á að læra mikið um sjálfa sig og takast á við ólíkar tilfinningar sem láta á sér kræla. Það er orðræðan um verkið sem felur í sér sterka upplifun sem áhorfandinn áttar sig ekki endilega á í fyrstu.

Ólíkar námsgreinar bjóða upp á menntun til sjálfbærni með mismunandi miðlum svo að nemendur geti mótað sér framtíðarsýn um eigin hegðun og forgangsröðun. Í listnámi þar sem barist er fyrir félagslegu réttlæti eru listaverk nýtt sem tæki til samfélagslegrar menntunar þar sem lögð er áhersla á að réttindi lýðræðissamfélagsins séu í boði fyrir alla (Garber, 2004).

Margir myndmenntakennarar hafa sýnt umhverfinu og samfélagslegum málefnum áhuga. Einkum má benda á tvo, þá Hicks og King (2007, bls. 332), sem hafa verið leiðandi á þessu sviði. Þeir hafa lagt sig fram um að fá almenning til að taka þátt í samfélagi sem stuðlar að bættri heilsu, ráðvendni og forsjálni gagnvart samfélaginu. Þeir leggja áherslu á gildi menningarinnar og þann möguleika sem listir og menning veita til að skilja áhrif mannlegra athafna á umhverfið. Samkvæmt þeim er fræðslugildi lista mikið og ætti að vera notað til að stuðla að upplýstri umgengni og hegðun jarðarbúa. Í því samhengi verða hér á eftir skoðuð listaverk sem henta vel í myndmennt, með það að markmiði að ná fram frekari skilningi á sjálfbærni.

Ólíkar birtingarmyndir sjálfbærni í myndmennt

Myndlist endurskapar eins konar heimsmynd sem þarf ekki að vera raunsæ því að ímyndunaraflið og sköpunarkrafturinn er hluti af raunheiminum. Listamenn fjalla sjaldnast um fyrirbæri sem staðreyndir. Það er myndlíkingin og tákfræðin sem eru mikilvægust við lestur listaverka því að listaverk hafa tekið umfjöllunarefnið úr samhengi við raunheiminn

og því er það áhorfandans að túlka efnið á nýjan leik og finna tengsl við sig og sína samfélagsskipan (Barrett, 2000).

Listamenn, sama í hvaða miðil þeir vinna, skapa verk sem eru í nánu samspili við félagslegt samhengi þeirra og eru þá undir áhrifum málefna líðandi stundar (Barrett, 2011, bls. 8). Það er áhugavert að velta fyrir sér þessu sambandi listamanna við inntak verka þeirra og spyrja sig hvernig hægt er að fræðast um mikilvæg málefni er tengjast sjálfbærni með því að skoða listaverk. Það er gert í áfanganum *Listir og sjálfbærni* sem kynntur var í upphafi greinarinnar er það gert á þrjá vegu, þ.e. með því að:

- Stuðla að sjálfbærri efnisnotkun
- Viðhalda og þróa áfram fyrirbyggjandi tækni og efnisþekkingu í myndlist
- Vinna með inntak er eykur skilning á málefnum sjálfbærrar þróunar

Sjálfbær efnisnotkun tekur mið af því að allir þeir miðlar og þau efni sem notuð eru í myndlistarstofunni hafi ekki skaðvænleg áhrif á umhverfið. Kennarinn verður að vera góð fyrirmynd nemendanna. Í þessu samhengi verður að huga að allri nýtingu og eðli efna. Endurnýting og endurvinnsla tengjast því þessum þætti.

Sjálfbærni hugtakið hefur einnig verið notað í því samhengi að halda við og þróa áfram fyrirbyggjandi tækni og efnisþekkingu. Í mörgum löndum hefur verið lögð áhersla á að viðhalda menningararfleifið frumbyggja. Að viðhalda gamalli verkþekkingu getur haft margþætt gildi í samfélaginu, ýtt undir samkennd og miðlað lífsgildum milli kynslóða. Það er því mikilvægt að hlúa að þessari hefð. Mannleg sköpun er oft í nánu sambandi við tjáningarform menningarinnar. Því má segja að menningarleg sjálfbærni einkennist bæði af gagnsemi og því að viðhalda fagurfræðilegri upplifun og gildum (Hiltunen, 2005; Appau Asante og Afia Opoku-Asare, 2011).

Loks tengist sjálfbærnikennsla í myndlist vinnu með inntak um málefni sjálfbærrar þróunar. Í grein sinn *Four challenges of sustainability* fjallaði Orr (2002) um mismunandi túlkun hugtaksins sjálfbær þróun. Þar vitnar hann í niðurstöðu rannsóknar um að líklegt sé að í umhverfismálum standi mannkynið frammi fyrir upplýsingaflóði af þeirri gráðu að venjulegt fólk hættir að bregðast við og veit ekki sitt rjúkandi ráð. Þá getur myndlíking og myndtúlkun hentað vel. Listaverk með hnitmiðuðum efnistöfum veita áhorfendum forsendur til að skilja heiminn betur.

John Berger ritaði bókina *Ways of seeing* (1972) í framhaldi af samnefndum sjónvarpsþáttum. Í henni tengir hann táknafræði við myndlíkingu þar sem hann bendir á að við lítum aldrei á mynd sem einn hlut, heldur leitum við eftir táknum sem tengja myndina við okkur sjálf. Tákn eru háð öðrum táknum því að þau geta ekki skapað merkingu ein og sér. Það sama á við um merkingu stakra orða sem eru háð þeim orðum sem þau standa með. Það fer því eftir því í hvaða samhengi myndlist er skoðuð hvernig við lesum inntak hennar. Sá sem skoðar táknin og tengir þau er áhrifamestur í túlkuninni. Samt sem áður verður myndmerkingin til hjá þeim sem skapar listaverkið en hún öðlast ekki fulla merkingu fyrir aðra fyrr en þeir upplifa listaverkið. Af þeim sökum er upplifun manna á listaverkum háð samhengi. Hvert listaverk má túlka á ólíka vegu. Það fer eftir þekkingu og reynslu áhorfandans hvernig hann eða hún túlkar hvert verk. Engin ein túlkun er réttari en önnur (Barrett, 2011, bls. 8). Merking listaverka getur þannig breyst þegar verkin eldast því samfélög manna eru í stöðugri þróun. Listaverk eru háð áhorfanda og menningarlegu samhengi. Samkvæmt Vygostsky (1925) eru listaverk félagsleg innra með okkur og þó að listaverk sé skapað af einum einstaklingi eru áhrif þess víðtæk. Það er samverkan fyrri reynslu og samtímaupplifana sem skapar nýja þekkingu (Freedman, 2003, bls. 48).

Að skoða listaverk í þeim tilgangi að læra af þeim tengist markmiðum aðalnámskrár grunnskóla í menntun til sjálfbærni en þar segir:

Í sjálfbærni menntun felst einnig að börn og ungmenni takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls.14)

Auk þess að læra af listaverkunum sjálfum er áhugavert fyrir nemendur að skoða vinnuferli listamanna og hvernig þeir geta lært af þeim.

Vinnuferli listamanna og sjálfbær hugsun

Við skipulagningu myndlistarhluta námskrár í menntun til sjálfbærni er gott að huga að vinnuferli listamanna því ef nemendur þekkja hvernig listaverk verður til frá því að hugmynd vaknar þar til það er fullmótað, eiga þeir auðveldara með að skilja listina og öðlast reynslu til að skapa eigin verk. Þegar listamaður vinnur listaverk liggur oft að baki mikil vinna við að greina eiginleika miðilsins og/eða inntak verksins. Rannsóknir listamannsins á viðfangsefninu geta bæði verið góð fyrirmynd fyrir vinnuferli nemenda sem og góð lýsing á því hvernig listamenn geta fjallað um málefni er snerta sjálfbærni.

Ólöf Nordal er gott dæmi um listamann sem byggir verk sín á ígrunduðum athugunum sem einkennast af fræðilegri úttekt á því fyrirbæri sem hún skoðar hverju sinni. Hún skoðar tengsl og orsakasamhengi sem og ólíkar birtingamyndir í samfélaginu. Verk hennar, sem hún vinnur í mjög fjölbreyttan efnivið, fjalla gjarnan um samfélagsleg málefni sem eru í nánnum tengslum við þau gildi sem lögð eru til grundvallar menntun til sjálfbærrar þróunar. Efnistöð Ólafar Nordal einkennast af því að henni tekst í verkum sínum á einfaldan og meitlaðan hátt að draga fram margar hugmyndir í einu verki. Hún vinnur með huglæg gildi á borð við þær ímyndir sem koma við sjálfsskilning þjóðar (Auður Ólafsdóttir, 2003).

[Í verkum sínum] snertir Ólöf Nordal arfleifð þjóðar á gagnrýninn og beittan hátt. Hinn ókennilegi samfundur fyrirmyndar og eftirmyndar truflar og vekur upp hugsun um menningarleg verðmæti; einstaklinga, gripa, sagna og safna þjóðarinnar. (Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, e.d.)

Í verkinu *Lusus Naturae* fjallar Ólöf á áleitinn hátt um hvernig uppfinningar í tengslum við stríðsrekstur, s.s. þróun efnavopna hefur haft varanleg áhrif á vistkerfi jarðar (sjá *Mynd 2* og *3*). Verkið heitir *Lusus naturae* en það hugtak kemur beint úr hugmyndum um furðustofur (þ. *Wunderkammer*). Á íslensku má kalla það brandara náttúrunnar, þegar náttúran bregður á leik. Inntak verksins er ógeðfellt, það fjallar um börn sem hafa fæðst mjög vansköpuð. Þessi tilfelli náttúrunnar eru algengari í stríðshráðum löndum, á stöðum þar sem efnavopnaárásir hafa átt sér stað. *Lusus naturae* er hugtak um frík (*Furðustofur í Hafnarborg*, 2011). Mikil hugmyndavinna liggur að baki þessu verki. Ólöf las sig til um áhrif efnavopna á mannlíkamann og skoðaði langtímarannsóknir sem sýna stökkbreytingaráhrif á fósturvísu. Hún skoðaði einnig tilfelli vansköpunar sem eiga sér stað við eðlilegar aðstæður. Með athugunum sínum leggur hún áherslu á margbreytileika náttúrunnar sem þó er viðkvæm fyrir inngripi mannsins. Þó svo að verkið fjalli meðal annars um áhrif eiturefnaíðnaðar og stríðsreksturs gefur það áhorfandanum einnig forsendur til að líta sér nær og velta fyrir sér hver áhrif þeirra eiturefna eru sem hann kemst í snertingu við daglega. Til dæmis hvaða efni eru sett í fötin sem hann gengur í og matinn sem hann borðar.

Með því að fjalla um vinnuferlið sem liggur að baki þessu verki er tekið á því sem Freire (1970) kallaði „kennslufræði hinna kúguðu“. Að hans mati er mikilvægt að nemendur kom-



Mynd 2 og 3 – Ólöf Nordal: *Lusus naturae 1* og *Lusus naturae 6* (2011).

ist til meðvitundar um stöðu sína í samfélaginu og læri að taka þátt í menntandi og upplýstri samræðu um ástandið nær sér og fjær. Hugmyndafræðin stuðlar þannig að vitundarvakningu meðal nemenda. Meðvitund þeirra um stöðu mála í heiminum verður skýrari og hvernig þeir eru í raun þátttakendur með hversdagslegum athöfnum. Fagleg nálgun getur skapað kraft sem myndast þegar nemendur vinna saman að einhverju nýju sem stefnir að því að yfirbuga þjakandi aðstæður. Giroux (1983) tekur í sama streng en hann segir að kennsla þurfi að vera drifin áfram af trú á nauðsyn þess að berjast fyrir betri heimi. Nám og kennsla þurfa á framtíðarsýn að halda sem leggur ekki áherslu á það sem er, heldur það sem gæti verið (bls. 242).

Annað dæmi um áhugavert vinnuferli sem hægt er að kynna fyrir nemendum í tengslum við sjálfbærni er listsköpun Roni Horn í Vatnasafninu í Stykkishólmi (sjá *Mynd 4*). Verkið er sprottið af áhyggjum listakonunar yfir hlýnun jarðar og felur í sér þrjú söfn; safn vatns, orða og veðurfregna. Það sýnir sterk tengsl Roni Horn við jarðsögu Íslands, loftslag og menningu. Verkið *Vatn* er safn af 24 glersúlum fylltum af vatni úr bræddum ís úr mörgum helstu jöklum Íslands. Í gúmmígólfið eru greipt orð á íslensku og ensku er tengjast innri



Mynd 4 – Vatnasafnið (2011).

og ytri þáttum veðursins. Veðurfregnirnar eru hljóðverk sett saman úr viðtölum og sögum af veðurlýsingum. Innsetningin býður upp á svigrúm til íhugunar í einrúmi jafnframt því að nýtast til allskyns félagslegra athafna fyrir nærsamfélag Stykkishólms. Þetta verk er gott dæmi um gagnrýnið vinnuferli listarinnar. Í verkinu færir Roni málefnið sem hún rannsakar yfir í myndlíkingu (*Vatnasafnið*, e.d.).

Oddný Eir Ævarsdóttir o.fl. (2011, bls. 208) heimspekingur segir um verkið:

[Viðtölin] bera vitni um tilraun myndlistarkonu til að miðla þeim tengslum sem verða á milli manna og dýra, manna og náttúrunnar, manna á meðal, þegar myndast náin en tímabundin tengsl. Þegar stutt spjall um veðrið verður um leið spjall um mann sjálfan og það sem skiptir mann mestu máli.

Roni Horn (2007) tengir inntak viðtalanna við vatnið og sýnir í kennslufræðilegu samhengi hvernig rannsókn á viðhorfum og reynslu þeirra sem rætt var við skilar sér inn í verkið. Þetta listaverk og vinnuferli þess endurspeglar á gagnrýninn hátt samfélag okkar í víðu samhengi og því hentar það vel í menntun til sjálfbærni. Hægt er að spyrja um samhengið á milli veðurlýsinga og hræðslu vegna hlýnunar jarðar? Hvað hafa veðurlýsingarnar með okkar menningararf að gera? Hvernig tengist veðrið og umhverfisáhrif þess við mannlega tilveru og hegðun? Eru einhver tengsl við vistfræðileg mörk jarðarinnar?

Hvers eru listaverk megnug í menntun til sjálfbærni?

Myndmenntakennarar verða að velta fyrir sér hvernig best sé að fjalla um listaverk í myndmennt. Í listaverkum sem henta best til menntunar til sjálfbærni bregst listamaðurinn við því sem er að gerast í samfélaginu. Það eru listaverk sem taka á pólitískum vandamálum, benda á ranglæti ofbeldis og tilgangsleysi átaka. Verk sem fjalla um félagslega stöðu einstaklingsins, viðhorf, gildi, sjálfsmynd þjóða eða kynhlutverk. Verk sem fjalla um umhverfið og áhrif mannsins á það. Verk sem henta sérstaklega vel eru þau sem hafa það að markmiði að vekja áhuga og ýta við viðhorfum áhorfandans. En hvað hafa listaverk fram að færa?

Ljósmyndasería Hrafnkels Sigurðssonar *Conversion* frá árinu 2006 gefur forsendur til ígrundunar. Hún er byggð upp af röð verka sem eru gerð eins og altaristafla þar sem mynd af ruslahaugi er á ytri vængjum verkanna sem birtist áhorfandanum þegar verkin eru lokað (sjá *Mynd 5*). En þegar verkin eru opnuð birtist tærar ljósmyndir af landslagi



Mynd 5 – Hrafnkell Sigurðsson: *Fourth Conversion*, verkið lokað (2006).



Mynd 6 – Hrafnkell Sigurðsson: *Fourth Conversion*, verkið opið (2006).

(sjá *Mynd 6*). Þetta verk, *Fourth Conversion*, veitir rík tækifæri til ígrundunar um samhengi ruslahaugnsins á ytri vængjum verksins við það hreina og tæra landslag sem birtist áhorfanda þegar myndin er opnuð.

Þegar fjallað er um umhverfisvernd í tengslum við sjálfbærni er mikilvægt að hafa í huga að hún er háð mörgum öðrum þáttum. Umhverfið verður ekki verndað nema fólk búi við ásættanlegan efnahag og félagslegar aðstæður, byggðar á menningu samfélagsins. Með umhverfisvernd er átt við vernd líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa, búsvæða og dýra í útrýmingarhættu, að takmarka mengun og úrgang og að ofnýta ekki á náttúruauðlindir.

Þetta verk Hrafnkels gefur nemendum forsendur til að vinna með sambærilegt verkefni sem t.d. væri hægt að ljósmynda. Hvað gerist ef tiltekið svæði er hreinsað og bætt? Einn nemandi í áfanganum Listir og sjálfbærni lagði fram verkefni þar sem hann lét 15 ára grunnskólanema útbúa klippimynd. Markmiðið var að nemendur ynnu með nærumhverfi sitt og veltu fyrir sér hvernig þeir vildu breyta því. Hér eru myndir sem lýsa því hvernig ákveðinn staður í heimabæ nemanda gæti breyst ef hreinsað yrði til (sjá *Mynd 7 og 8*).



Mynd 7 og 8 – Ónafngreindur 14 ára nemandi: *Hverju vil ég breyta?* (2011).

Í verki Rósu Gísladóttur, *Ótti við óvini framtíðarinnar er yfirsterkari gleði minni yfir samtímanum* (2006), sýnir listakonan upplýstar glærar plastflöskur, sumar með lituðum vökva (sjá *Mynd 9*). Verkið er úthugað þar sem það sýnir draumkennd form og litbrigði. En það er um leið vitnisburður um hinn hráa veruleika neyslusamfélags samtímans sem í ofgnótt sinni hleður upp óförgengilegum leifum í margfalt meira magni en dæmi eru um í samlagðri menningarsögunni (*Ótti við óvini framtíðarinnar ...*, e.d.).



Mynd 9 – Rósa Gísladóttir: *Ótti við óvini framtíðarinnar er yfirsterkari gleði minni yfir samtímanum* (2006).



Mynd 10 – Sigurður Ó. Sigurðsson: *Umbúðir* (2011).

Þegar hugað er að þáttum mannlegrar tilveru og velferðar þarf að líta til allra þeirra þátta er snerta sjálfbærni og samverkan þeirra. Þetta verk skapar forsendur fyrir umræður um neyslu og orsakasamhengi neyslu. Hverju erum við tilbúin að fórnar fyrir eigin neyslu? Þegar nemendum gefst tækifæri til að velja sér efnistöð innan sjálfbærni þá er neysla mörgum hugleikin eins og Rósu. Eitt af verkefnum í áfanganum *Listir og sjálfbærni* var að vinna með nemandum á ljósmyndasérsviði í Tækniskólans, skóla atvinnulífins. Einn nemandinn vann verk (sjá *Mynd 10*) þar sem myndefnið var viku úrgangur af umbúðum sem alla jafna hefði farið í ruslið á heimili hans.

Listamaðurinn Rúrí hefur gjarnan verið pólitísk í verkum sínum. Seinni ár hefur henni verið mjög umhugað um tengsl mannsins við jörð og umhverfi. Verk hennar hafa verið sýnd í tengslum við áherslur á sjálfbæra þróun, til að mynda verkið *Aqua – Silence* (2006) en það vann hún fyrir fyrirtækið OSRAM, sem m.a. framleiðir ljósaperur. Sjö stórir díóðuskjáiir sýna lifandi myndir af vatni með ýmsu sniði; eins og öldur, fossa og jökla. Verkið sýnir margbreytileg birtingarform vatnsins og mátt þess og kveikir hugsun um nýtingu mannsins á orkuauðlindum. Í þessu verki líkt og svo mörgum öðrum eru samskipti manna við umhverfið yrkisefnið (Knezevic, 2009) (sjá *Mynd 11, 12 og 13*).



Mynd 11, 12 og 13 – Rúrí: *Aqua Silence* (2009).

Í viðtali í Fréttablaðinu (*Ómælanleg náttúrufegurð*, 2008) segir Rúri um verk sín:

Mannkynið virðist sífellt vilja sigra náttúruna, en það er ekki til neinn sigur gagnvart jörðinni; það eina sem við getum sigrað erum við sjálf með því að finna eitthvert gullið jafnvægi með umhverfi okkar. Það er eini sigurinn sem er raunhæfur.

Það er því mikilvægt að börn og unglingar velti fyrir sér hverjar séu raunverulegar þarfir þeirra til að lifa góðu og innihaldsríku lífi. Stuðla má að því með verkefnum sem tengjast þeirra eigin reynslu og listaverkum sem fjalla um undirstöðu alls lífs. Í þessu verki eins og mörgum öðrum verkum Rúriar skoðar hún hið viðkvæma samspil náttúru og mannkyns. Verk hennar skapa forsendur til siðfræðiumræðna við nemendur um hvernig sé best að forgangsraða í lífinu.



Mynd 14 – Listkennslunemi: *Orkusóun* (2011).

Eitt af verkefnum áfangans *Listir og sjálfbærni* var að myndgera málefni sem tengjast sjálfbærni. Einn nemandi vann myndverk (sjá Mynd 14) sem sýnir fram á hve lítið við þurfum að breyta í okkar eigin daglegum háttum til að stuðla að minni orkusóun.

Sum listaverk eru þess eðlis að þau fjalla um samfélagið. Ólöf Nordal var fengin til að vinna altaristöflu sem fékk nafnið *Fuglar himinsins* (2007) fyrir Ísafjarðarkaupstað. Hún valdi að byggja altaristöfluna á sögunni um *Lausnarann og lóurnar* (sjá Mynd 15).

Við gerð verksins hafði hún að leiðarljósi að það ætti að hafa víða skírskotun, vera spröttið úr íslenskri menningarhefð, tengjast umhverfinu og hafa persónuleg tengsl við sóknar börnin í söfnuðinum. Við gerð verksins fékk hún sjálfbóðaliða til að vinna fugla sem mynda altaristöfluna (*Yfir 730 lóur gerðar fyrir altaristöflu Ísafjarðarkirkju*, 2007). Verkið samanstendur af 749 leirfuglum sem hægt er að segja að séu fulltrúar þess fjölbreytilega og fjölmenningslega hóps er býr á Ísafirði (sjá Mynd 16, 17, 18 og 19).

Verkið sameinar alla bæjarbúa þar sem svo stór hluti tók þátt í gerð verksins. Allir sem áhuga höfðu gátu tekið þátt óháð aldri, stöðu eða fyrri reynslu. Fuglarnir eru jafn fjölbreyttir að gerð og þeir sem mótuðu þá sem er bein tenging við fjölbreytileika mannsins og mikilvægi félagslegs jöfnuðar og jafnréttis. Þegar hugað er að félagslegum jöfnuði er sýnileiki allra einstaklinga samfélagshópsins mikilvægt atriði því sýnileikinn hefur bein áhrif á jafnrétti. Þetta verk Ólafar eflir vitund um félagslega velferð í samfélaginu. Þátttakendur þjálfast í lýðræðislegri hæfni, m.a. félags- og samskiptafærni og gagnrýnni hugsun. Slík þjálfun hefur áhrif á allar ákvarðanir.



Mynd 15 – Ólöf Nordal: *Fuglar himinsins* (2007).



Mynd 16, 17, 18 og 19 – Sjálfbóðaliðar að störfum við gerð verksins *Fuglar himinsins* (2007).

Hugmyndafræði menntunar til sjálfbærrar þróunar felur í sér að þjálfar nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum og vilja til stuðla að breytingum í samfélaginu sem er geta til aðgerða (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2008). Listaverkið *Fuglar himinsins* felur í sér getuna til aðgerða. Í hvert skipti sem bæjarbúar fara í kirkjuna og sjá altarisöfluna eru þeir minntir á þann sameiningarkraft sem fólst í gerð verksins. Að vinna saman skapar sterkari liðsheild og jákvæðara samfélag.

Lokaorð

Margir myndmenntakennarar sjá sitt fag sem jaðargrein í íslensku skólasamfélagi. Nám sem nemendur öðlast í myndmennt er oft ekki metið til jafns við þá þekkingu sem miðlað er í bóklegum greinum. Í samtölum höfundar við myndmenntakennara hefur oft komið fram að þeir upplifa sig máttvana gagnvart skólakerfinu og þeim almennu áherslum sem þar ríkjja. Þó svo að þeir séu gjarnan hafðir með í verkefnum finnst þeim að hvorki séu metin að verðleikum vinnuferli né afrakstur myndmennta. Mikilvægt er að fræðimenn við

stofnanir sem mennta kennara íhugi hvernig best megi undirbúa þá og styrkja stöðu nýrra myndmenntakennara í skólakerfinu.

Listir eru mikilvægur liður í samvinnu um menntun til sjálfbærni. Slíka menntun þarf að byggja á siðferðilegum grunni sem gæti skapað almenna viðhorfsbreytingu og leitt til bjartari framtíðar fyrir alla. Grunnmenntun ætti að sameina þessi mikilvægu málefni í námi sem byggir á samþættingu listgreinakennslu og annarra almennra greina. Menntun til sjálfbærni tengist framtíðarsýn og ætti að fela í sér kennslu gagnrýnnar hugsunar til að gera nemendur færari um að skilgreina gildi og öðlast skilning á mikilvægi þess að grípa til aðgerða og verða virkur þátttakandi í samfélaginu (Breiting, 2005/2008). Listir eru mikilvægar í tengslum við bæði hug og hönd og hafa víðtæk áhrif. Listaverk geta kallað fram margvísleg viðbrögð. Þau geta orðið tilefni til ígrundunar líkt og verk Hrafnkels Sigurðssonar og beint sjónum að nærsamfélaginu eins og altaristafla Ólafar Nordal. Listaverk eins og verk Rósu Gísladóttur kalla á umræður um neysluvenjur; önnur listaverk fjalla um undirstöðu alls lífs eins og verk Rúríar. Þegar fjallað er um listaverk á þessum nótum þá hafa listir víðtæk áhrif á heimsýn nemenda. Listir geta veitt nemendum tækifæri til tjáningar í miðil sem er óháður tungumáli. Listir byggja á ímyndunaraflinu, því að skapa eitthvað nýtt á sama tíma og gamalli verkþekkingu er haldið við. Sjálfsvitund nemenda getur vaxið þegar listaverk eru skoðuð markvisst og í gegnum listiðkun. Listir geta snert við tilfinningum nemenda, veitt innri frið, skapað spennu, nýjar hugmyndir, gefið ráð, vakið samkennd, reitt til reiði eða hreyft við áhorfendum. Listir geta breytt viðhorfum. Mikilvægt er að allir kennarar fái í sínu námi staðgóða menntun í málefnum er tengjast sjálfbærri þróun. Kennslufræði hvernig greinar verður að gera málefnum skil til þess að nemendum verði tamt að laga efnið að inntaki kennslunnar.

Heimildir

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir. (e.d.). *Hugarfar*. Skrifað í tengslum við sýningu Ólafar Nordal, *Fyrirmyndir*, í Listasafni ASÍ, 2010. Sótt í september 2011 af <http://olofnordal.com/index.php/id/1933>

Allyson Macdonald. (2008). *Fagmennska og sjálfbærni*. Menntun í samfélagi þjóða. Háskólafundaröðin Ísland á alþjóðavettvangi – Erindi og ávinningur. Sótt í nóvember 2011 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/haskolafundarod/test/erindi/nr/4269>

Asante, E. og Opoku–Asare, N. (2011). Cultural identity in the murals of Sirigu women and their role in art education and social sustainability. *International Journal of Education through Art*, 7(2), 187–202.

Auður Ólafsdóttir. (2003). Nútímaafsteypur táknmynda: Um myndlist Ólafar Nordal. *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 177, 515–526.

Barret, T. (2000). About Art Interpretation for Art Education. Studies Invited Lecture, *Studies in Art Education*, 42(1), 5–19.

Barret, T. (2011). The Importance of Teaching Interpretation, *FATE in Review*, 32, 3–11.

Berger, J. (1972). *Ways of seeing*. England: British Broadcasting Corporation and Penguin Books Ltd.

Billings, M. (1995). Issues versus themes: Two approaches to a multicultural art curriculum. *Art Education*, 1(1), 21–56.

Breiting, S., Mayer, M. og Mogensen, F. (2008). *Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar: Leiðarvísir um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærrar*

Þróunar (Stefán Bergman og Erla Kristjánsdóttir þýddu). Vín: Austrian Federal Ministry of Education, Science and Culture. (Upphaflega kom ritið út 2005).

Brenson, M. (2001). *Visionaries and outcasts: The NEA, Congress, and the place of the visual arts in America*. New York: The New York Press.

Brynhildur Sigurðardóttir. (2011, 12. ágúst). *Kennarar gagnrýna og heimspekingar kenna – eða var það öfugt?* Fyrirlestur á málþinginu Gagnrýnin hugsun í skólakerfinu: Gamall arfur, nýjar áherslur, brýnt viðfangsefni, í Háskóla Íslands. Sótt í nóvember 2011 af <https://gagnrýnihugsun.hi.is/?p=1118>

Desai, D. (2002). The ethnographic move in contemporary art: What does it mean for art education? *Studies in Art Education*, 43, 307–323.

Eisner, E. W. (2002). *The arts and the creation of mind*. New Haven, CT: Yale University Press.

Freedman, K. (2003). *Teaching visual culture: curriculum, aesthetics, and the social life of art*. New York: Teachers College Press.

Freire, P. (1970). *Pedagogy of the oppressed*. New York: Continuum.

Freire, P. (1995). *Pedagogy of hope: Reliving pedagogy of the oppressed*. New York: Continuum.

Furðustofur í Hafnarborg. (2011). Ríkisútvarpið, Rás 2. 26. Ágúst. Umsjón: Ólafur Páll Gunnarsson. Sótt í september 2011 af <http://www.rokkland.ruv.is/sarpurinn/frettir/26082011/furdustofur-i-hafnarborg>

Garber, E. (2004). Social justice and art education. *Visual Art Research*, 30(2), 4–22.

Giroux, H. (1983). *Theory and resistance in education: A pedagogy for the opposition*. Massachusetts: Begin and Garvey Publishers, Inc.

Greene, M. (1995). *Releasing the imagination: Essays on education, the arts, and social change*. San Francisco: Jossey-Bass.

Haynes, D. (1995). Teaching postmodernism. *Art Education*, 48(5), 23–24, 45–50.

Hawkes, J. (2001). *The Fourth Pillar of Sustainability: Culture's essential role in public planning*. Ástralía: Cultural Development Network Victoria. Sótt í ágúst 2011 af [http://community.culturaldevelopment.net.au/Downloads/HawkesJon\(2001\)TheFourthPillarOfSustainability.pdf](http://community.culturaldevelopment.net.au/Downloads/HawkesJon(2001)TheFourthPillarOfSustainability.pdf)

Hicks, L. E. 1990. A Feminist Analysis of Empowerment and Community in Art Education. *Studies in Art Education* 32(1), 36–46.

Hicks, L. E. og King, R. J. H. (2007). Confronting environmental collapse: Visual culture, art education, and environmental responsibility. *Studies in Art Education*, 48(4), 332–335.

Hiltunen, M. (2005). The Fire Fox: a multi-sensory approach to art education in Lapland. *International Journal of Education Through Art*, 1(2), 161–177.

Horn, R. (listamaður). (2007). *Vatnasafnið*. [Glersúlur, vatn úr jöklum landsins, gúmmí-dúkur, hljóðupptökur]. Staðsett í fyrrum bókasafni Stykkishólms.

Hrafnkell Sigurðsson (listamaður). (2006) *Fourth Conversion* [Ljósmynd, 110 x 165 sm lokað, og 110 x 330 sm opið]. Birt með leyfi listamannsins og ið.

Hverju vil ég breyta? (14 ára nemandi) (2011). [Ljósmynd og klippimynd].

Ingólfur Á. Jóhannesson (ritstjóri). (2008). *Andi sjálfbærrar þróunar í námskrám og menntastefnu – náum honum til jarðar. GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða. Skýrsla 1*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands. Sótt í febrúar 2011 af http://skrif.hi.is/geta/files/2008/05/p4_300408.pdf

Ingólfur Á. Jóhannesson, Kristín Norðdahl, Gunnhildur Óskarsdóttir, Auður Pálsdóttir og Björg Pétursdóttir. (2011). Curriculum analysis and education for sustainable development in Iceland. *Environmental Education Research*, 17(3), 375–391.

Jensen, B. B. og Schnack, K. (1997). The action competence approach in environmental education. *Environmental Education Research*, 3, 163–178.

Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki – Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57–73). Reykjavík: Rannung, Heimspekistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Jutvik, G. og Liepina, I. (e.d.). *Education for change: A handbook for teaching and learning sustainable development*. Sviðþjóð: Baltic University Programme Uppsala University. Sótt í ágúst 2011 af <http://www.balticuniv.uu.se/index.php/textbooks-a-booklets/65-education-for-change-handbook>

Knezevic, S. (2009). *Rúri: Aqua – Silence*. Þýskaland: Osram. Sótt í september 2011 af http://www.osram.com/osram.com/About_Us/OSRAM_ART_PROJECTS/SEVEN_SCORENS/Previous_Installations/Ruri/index.html

Kristín Norðdahl. (2009, 30. desember). Menntun til sjálfbærrar þróunar – í hverju felst hún? Um gerð og notkun greiningarlykils til að greina slíka menntun. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt í ágúst 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2009/013/index.htm>

Lampert, N. (2006). Critical Thinking Dispositions as an Outcome of Art Education. *Studies in Art Education: A Journal of Issues and Research*, 47(3), 215–228.

Macer, D. (1995). *UNESCO/IUBS/EUBIOS Living Dictionary of Bioethics*. Tsukuba, Japan: Eubios Ethics Institute.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla – almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.menntamalaradu-neyti.is/utgefid-efni/namskrar/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Ný menntastefna – útgáfa námskrár*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettilkygningar/nr/6004>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Grunnþættir í menntun*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í desember 2011 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Grunntattir_i_menntun_juli2010.pdf

Noel, J. (2003). Creating artwork in response to issues of social justice: A critical multicultural pedagogy. *Multicultural Education*, 10, 15–18.

- Oddný Eir Ævarsdóttir. (2011). Á leiðinni niður. Í *Sjónarmið – Á mótum myndlistar og heimspeki* (bls. 191–215). Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur.
- Orkusóun (listkennslunemi). (2011). [Pastellitir á pappír].
- Orr, D. W. (2002). Four challenges of sustainability. *Conservation Biology*, 16(6), 1457–1460.
- Ólöf Nordal (listamaður). (2011). *Lusus naturae 1*. [Litaduft og akríl á pappír. Myndirnar eru alls 17 í stærðinni 36 x 48 sm.] Mynd í eigu listamannsins.
- Ólöf Nordal (listamaður). (2011). *Lusus naturae 6*. [Litaduft og akríl á pappír. Myndirnar eru alls 17 í stærðinni 36 x 48 sm.] Mynd í eigu listamannsins.
- Ólöf Nordal (listamaður). (2007). *Fuglar himinsins*. [Jarðleir og stálstoðir.] Altaristafla í Ísafjarðarkirkju.
- Ómælanleg náttúrufegurð. (2008, 14. júní). *Fréttablaðið*. Sótt í ágúst 2011 af <http://www.visir.is/omaelanleg-natturufegurd/article/2008765113640>
- Ótti við óvini framtíðarinnar ... (e.d.). Umfjöllun um sýningu Rósu Gísladóttur 10. desember 2011–15. janúar 2012 í *Gallerí Ágúst, Reykjavík*. Sótt í nóvember 2011 af <http://galleriagust.is/almennt/otti-við-ovini-framtidarinnar>
- Róbert Jack. (2011). Barnaheimspeki er rannsókn á möguleikum: Róbert Jack ræðir við Hrein Pálsson og Brynhildi Sigurðardóttur. *Hugur: Tímarit um heimspeki*, 22, 8–22.
- Rúrí (listamaður). (2009). *Aqua Silence*. [Video-verkið er sýnt á sjö LED-skjáum]. Staðsett fyrir framan höfuðstöðvar OSRAM í Munich. Myndir í eigu listamannsins.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999). Langir og stuttir skuggar, The Truman show sem heimspékileg hugleiðing um raunveruleika og sýndarveruleika. Í Guðni Elíasson (ritstjóri), *Heimur kvikmyndanna* (bls. 267–273). Reykjavík: Mál og menning.
- Sigurður Ó. Sigurðsson (ljósmyndanemi). (2011). *Umbúðir*. Birt með leyfi höfundar.
- Umhverfisráðuneytið. (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*. Reykjavík: Höfundur. Sótt í ágúst 2011 af http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Velfer%F0%20til%20framt%ED%F0ar%20allt%20skjali%F0.pdf
- UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization). (e.d.). *United Nations decade of education for sustainable development*. París: Höfundur. Sótt í september 2011 af <http://www.unesco.org/new/en/education/>
- Vatnasafnið. (e.d.). *Kynning á heimasíðu*. Sótt í september 2011 af http://www.libraryofwater.is/landing_IS.html
- Vygotsky, L. (1925). *The Psychology of Art*. Cambridge, Massachusetts: MIT Press. Sótt í ágúst 2011 af <http://www.marxists.org/archive/vygotsky/works/1925/>
- Ward, L. (2008). *Painting the wasteland: The environmental critique in contemporary painting*. Ritgerð kynnt á *Open Panel on Painting*, árlegri ráðstefnu College Art Association í Dallas, Texas. Sótt í september 2011 af <http://www.lizward.com/writing/painting-the-wasteland/>

Yfir 730 lóur gerðar fyrir altaristöflu Ísafjarðarkirkju. (2007, 13. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt í september 2011 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/04/13/yfir_730_lour_gerdar_fyrir_altaristoflu_isafjardark/

Myndir

Mynd 1. Ásthildur Jónsdóttir. (2010). Listkennslunemendur í Listaháskóla Íslands. [Mynd úr safni höfundar].

Mynd 2 og 3. Ólöf Nordal. (2011). *Lusus naturae 1 og 6*. Litaduft og akríl á pappír. Myndirnar eru alls 17 í stærðinni 36 x 48 sm. [Birt með leyfi listamannsins].

Mynd 4. Ásthildur Jónsdóttir. (2011). Vatnasafnið, Stykkishólmi. [Mynd úr safni höfundar].

Mynd 5 og 6. Hrafnkell Sigurðsson. (2006). *Fourth Conversion* (2006). Ljósmynd, 110 x 165 sm lokað/110 x 330 sm opið. [Birt með leyfi listamannsins og i8].

Mynd 7. Ónafngreindur nemandi. (2011). *Hverju vil ég breyta?* Klippimynd. [Birt með leyfi höfundar].

Mynd 8. Rósa Gísladóttir. (2006). *Ótti við óvini framtíðarinnar er yfirsterkari gleði minni yfir samtímanum*. [Birt með leyfi listamannsins].

Mynd 9. Sigurður Ólafur Sigurðsson. (2011). *Umbúðir*. Birt með leyfi listamannsins.

Mynd 10 og 12. Rúrí. (2009). *Aqua Silence*. Video-verkið er sýnt á sjö LED-skjáum fyrir framan höfuðstöðvar OSRAM í Munchen. [Birt með leyfi listamannsins].

Mynd 13. Ónafngreindur nemandi. (2011). *Orkusóun*. Birt með leyfi höfundar.

Mynd 14. Ólöf Nordal. (2007). *Fuglar himinsins*. Altaristafla í Ísafjarðarkirkju. [Birt með leyfi listamannsins].

Mynd 15 og 18. Ólöf Nordal. (2007). Sjálfbóðaliðar að störfum. [Birt með leyfi listamannsins].



Ásthildur B. Jónsdóttir. (2011).
Listir og sjálfbærni: Áhrifamáttur sjónlista í menntun til sjálfbærni.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/001.pdf>